

## KYNNINGARBRÉF VEGNA FRAMBOÐS TIL KIRKJUÞINGS 2022

Ágæti kjósandi.

Hér með gef ég kost á mér til setu á næsta kirkjuþingi. Ég tel að reynsla mín og þekking geti orðið Þjóðkirkjunni til gagns á komandi árum. Ég vígðist 1998, þjónaði 11 ár á Hvammstanga og nærsveitum, hef verið sóknarprestur í Útskálaprestakalli á Suðurnesjum frá 2009. Auk þess þjónaði ég um tveggja ára skeið hjá norsku kirkjunni í prestakalli á landsbyggðinni.

Þó ég geti haft skoðanir á flestu eru eftirfarandi atriði þau helstu sem mér eru hugleikin nú.

- 1. Endurskoða sameiningaráform prestakalla.** Hvað vinnst með sameiningu sem ekki er hægt að leysa með samstarfi? Áður en farið er í frekari stórfelldar sameiningar er rétt að kanna formlega hvernig yfirstaðnar sameiningar hafa gefist. Hverjir eru kostir þeirra og hverjir eru gallar þeirra? Mikilvægt að í þessu sambandi sé allt uppi á borðinu, s.s. hvort sóknir verði einnig sameinaðar sem í sumum tilvikum getur verið gagnlegt. Fjárhagslegur ávinnningur sóknanna felst m.a. í því að fækka fermetrum í rekstri og samnýta starfsfólk. Auk þess þarf að skoða reynsluna af samstarfssvæðunum. En hér þarf allt að vera uppi á borði og allir málsaðilar að hafa rödd.
- 2. Æskulýðsmál** – Ganga út frá því að prestar í fámennari prestaköllum sinni æskulýðsstarfi sjálfir og hafi þannig áhuga, reynslu og færni á því sviði þegar þeir eru sendir út á akurinn. Kanna kosti aukins samstarfs við KFUM og K þar sem það hentar enda mikil reynsla og þekking til staðar þar. Varast að setja of mikið fé í millistjórnendur við skrifborð, halda fjármunum sem mest á gólfinu.
- 3. Fjármál** – Það er ekki valkostur að reka Þjóðkirkjuna með halla. Forðast þarf sérstaklega útbenslu stjórnarsýslunnar og halda fjármunum sem mest í grunn- og stoðþjónustunni. Þjóðkirkjan sem slík (oft kallað ÞB) er í sjálfu sér ekki svo stórt “fyrirtæki” þar sem hver sókn er sjálfstæður lögaðili með eigin fjárhag og ársreikning.
- 4. Vígð þjónusta.** Við endurskoðun prestsþjónustu skal varast of stór svæði en tryggja rétta fólkid á rétta staði, hlúa að sálarlífi presta og fjölskyldna þeirra sem og djákna og annars starfsfólks, styðja við skil milli vinnu og einkalífs, tryggja að afleysingaþjónusta þyki sjálfsgöð þó að um nágrannaþjónustu sé að ræða, ekki er sjálfgefið að í boði sé að athafna allar helgar allt árið á öllum stöðum.
- 5. Prestar/leikmenn.** Samherjar. Leikmenn gegna lykilhlutverki í söfnuðunum í farsælu samstarfi við vígða þjóna. Þó skal ekki gleyma því að einungis brot af þjóðkirkjufólki sækir reglulegt starf safnaðanna og tengist þannig starfsfólki og sjálfboðaliðum. Stærsti hluti þjóðkirkjufólks tengist Þjóðkirkjunni einkum í gegnum prestsþjónustuna við ævihátíðir og tímamót í lífinu. Jákvæð reynsla af samskiptum við prest er jákvæð reynsla af kirkjunni. Prestar þurfa að fá að vera sjálfstæðir því sjálfstæði fylgir líka sveigjanleiki. Ábyrgt sjálfstæði leiðir af sér þjónustulund, frumkvæði, sköpunargleði og starfsánægju.
- 6. Vald og ábyrgð fari saman.** Sá sem ber ábyrgð þarf að hafa vald. Sá sem hefur vald þarf að bera ábyrgð. Halda því sem mest hjá söfnuðunum, standa vörð um innri samþykktir Þjóðkirkjunnar.
- 7. Sáldrum gleði í kringum okkur.** Stofnanir, vígðir þjónar, starfsfólk og sjálfboðaliðar þurfa í sameiningu að standa vörð um gleðina í því mikilvæga hlutverki sem Þjóðkirkjan gegnir í íslensku samfélagi. Við þurfum að finna taktinn til að róa öll í sömu átt í biðjandi, boðandi og þjónandi Þjóðkirkju.

Kær kveðja, Sigurður Grétar Sigurðsson, s. 8952243